

**Ríkislögmaður**  
**01 271**

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Ríkislögmaður  
kt. 600186-1759  
Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Ríkislögmaður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem var stofna með lögum nr. 51/1985.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavnið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Ríkislögmaður heyrir undir Stjórnarráðið og er skipaður af forsætisráðherra til fimm ára í senn. Helstu verkefni embættisins eru rekstur dómsmála fyrir ríkið og stofnanir þess. Er þar aðallega um að ræða vörn einkamála fyrir dómstólum og eftir atvikum gerðardómum. Ríkislögmaður annast einnig sókn þeirra mála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Ríkislögmaður fer einnig með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkinu og auk þess geta ráðherrar óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

Utan starfssviðs ríkislögmanns falla dómsmál sem ríkisbankar eða fjárfestingalánasjóðir í eigu ríkisins eiga aðild að. Ennfremur dómsmál til innheimtu opinberra gjalda, orlofsfjár, viðskiptakrafna eða hliðstæðra krafna nema ráðherra, sem hlut á að máli, óski atbeina ríkislögmanns við meðferð einstakra mála. Hið sama gildir um mál sem rekin eru fyrir kjararáði.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 249,4 milljónir og afkoma kr. -26,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -7,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 22,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkislögmanns í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkislögmanns fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Einar Karl Hallvarðsson  
Ríkislögmaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	231.000.000	221.700.000
Seld þjónusta .....		17.893.913	14.975.886
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	505.559	600.270
<b>Tekjur samtals</b>		<b>249.399.472</b>	<b>237.276.156</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	203.822.426	185.682.545
Annar rekstrarkostnaður .....	4	71.665.728	50.845.403
Afskriftir .....		505.559	600.270
<b>Gjöld samtals</b>		<b>275.993.713</b>	<b>237.128.218</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(26.594.241)	147.938
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(17.613)	(33.120)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(26.611.854)</b>	<b>114.818</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.722.616	2.233.504
Aðrar eignir .....		290.950	290.950
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>3.013.566</b>	<b>2.524.454</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakrífur .....	6	17.370.000	15.250.000
Tengdir aðilar .....	7	334.669	36.651.059
Handbært fé .....		1.454.455	1.311.855
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>19.159.124</b>	<b>53.212.914</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>22.172.690</b>	<b>55.737.368</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		(7.758.276)	18.853.578
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>(7.758.276)</b>	<b>18.853.578</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	17.170	12.900
Viðskiptaskuldir .....		1.953.281	9.643.762
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	25.835.581	24.896.635
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	2.124.934	2.330.493
<b>Skuldir samtals</b>		<b>29.930.966</b>	<b>36.883.790</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>22.172.690</b>	<b>55.737.368</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstremisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....	(26.611.854)	114.818	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	505.559	600.270	
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	(505.559)	(600.270)	
	<u>(26.611.854)</u>	<u>114.818</u>	
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....	(2.120.000)	(1.925.000)	
Tengdir aðilar .....	35.625.989	(12.747.665)	
Skammtímaskuldir .....	(6.751.535)	13.791.079	
	<u>26.754.454</u>	<u>(881.586)</u>	
	<u><u>142.600</u></u>	<u><u>(766.768)</u></u>	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	5	<u>(994.671)</u>	<u>(493.961)</u>
		<u>(994.671)</u>	<u>(493.961)</u>
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....	694.671	193.961	
Fjárfestingarframlag .....	300.000	300.000	
	<u>994.671</u>	<u>493.961</u>	
<b>Hækjun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....	142.600	(766.768)	
	<u>1.311.855</u>	<u>2.078.623</u>	
	<u><u>1.454.455</u></u>	<u><u>1.311.855</u></u>	

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifad

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjalffærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifadar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsejanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsejanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	231.000.000	221.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	505.559	600.270
	<u>231.505.559</u>	<u>222.300.270</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	200.600.000	0	0	200.600.000
Launabætur .....	4.200.000	0	0	4.200.000
Millifærslur úr varasjóði .....	26.200.000	0	0	26.200.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>231.000.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>231.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(257.611.854)	0	0	(257.611.854)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(26.611.854)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(26.611.854)</b>

	2020	2019
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	165.615.934	148.116.715
Orlof, breyting .....	1.568.238	4.427.790
Launatengd gjöld .....	36.465.112	32.985.140
Starfsmannakostnaður .....	173.142	152.900
	<u>203.822.426</u>	<u>185.682.545</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	10,0	9,4

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	485.626	708.047
Ýmis tæki og áhöld .....	177.039	201.364
Orkugjafar .....	149.814	134.781
Matvæli .....	379.897	347.143
Almennar rekstrarvörur .....	206.174	66.172
Vörugaup, almenn	1.398.550	1.457.507
Ýmsar sérgreindar vörur .....	57.331	0
Vörugaup, sérgreind	57.331	0
Fundir, námskeið, risna .....	655.000	1.062.940
Ferðir, upphald .....	946.652	2.404.050
Akstur .....	71.712	34.259
Sérfræðiþjónusta .....	46.365.273	32.288.996
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	64.709	54.913
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	174.507	10.990
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	3.126.635	3.145.047
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	51.404.488	39.001.195

## Skýringar

	2020	2019	
<b>4 Annar rekstrarkostnaður, frh.</b>			
Samningsbundin kaup og leiga .....	533.031	306.021	
Afnotagiöld .....	2.306.382	1.340.739	
Leigugjöld .....	9.118.784	8.331.149	
Notkun véla og flutningataækja .....	15.730	0	
Verkkaup .....	1.825.213	1.823.362	
Kostnaðarhlutdeild .....	2.726.219	4.160.430	
Tapaðar kröfur .....	<u>2.280.000</u>	<u>(5.575.000)</u>	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	18.805.359	10.386.701	
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>71.665.728</u>	<u>50.845.403</u>	
<b>5 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.722.616	2.233.504	
Aðrar eignir .....	290.950	290.950	
	<u>3.013.566</u>	<u>2.524.454</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 1.1.2020 .....	5.968.225	290.950	6.259.175
Viðbætur á árinu .....	994.671	0	994.671
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.350)	0	(2.350)
	<u>6.960.546</u>	<u>290.950</u>	<u>7.251.496</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	3.734.721	0	3.734.721
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.350)	0	(2.350)
Afskrift ársins .....	<u>505.559</u>	<u>0</u>	<u>505.559</u>
	<u>4.237.930</u>	<u>0</u>	<u>4.237.930</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>2.722.616</u>	<u>290.950</u>	<u>3.013.566</u>
<b>6 Viðskiptakröfur</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	
Viðskiptakröfur .....	25.244.725	20.844.725	
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	(7.874.725)	(5.594.725)	
	<u>17.370.000</u>	<u>15.250.000</u>	

## Skýringar

31.12.2020 31.12.2019

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	334.669	36.651.059
	<u>334.669</u>	<u>36.651.059</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	17.170	12.900
	<u>17.170</u>	<u>12.900</u>

### 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	18.853.578	18.738.760
Afkoma ársins .....	(26.611.854)	114.818
Jöfnuður 31.12. ....	(7.758.276)	18.853.578

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsingar eiginfjárs yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 9 Ýmsar skammtímaskuldur

Ógreitt orlof .....	25.835.581	24.267.343
Ógreidd laun .....	0	533.323
Önnur ógreidd gjöld .....	0	95.969
	<u>25.835.581</u>	<u>24.896.635</u>

### 10 Frestun tekjfærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2020 31.12.2019

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	3.013.566	2.524.454
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(888.632)	(193.961)
	<u>2.124.934</u>	<u>2.330.493</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	2.524.454	(193.961)	2.330.493
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	300.000	300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	994.671	(994.671)	0
Tekjfærsla frestaðra tekna .....	(505.559)	0	(505.559)
	<u>3.013.566</u>	<u>(888.632)</u>	<u>2.124.934</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,5 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 11 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2025 og þjónustusamninga um rekstur. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 10,3 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 2,4 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.